

Súðavíkurbreppur  
Jóhann Birkir Helgason  
Grundarstræti 1-3  
420 Súðavík

Reykjavík, 9. júní 2022  
UST202205-310/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Reykjanes - Súðavíkurbreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Súðavíkurbrepps er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði í Reykjanesi við Djúp í Súðavíkurbreppi.

Í greinargerð kemur fram markmið deiliskipulagsins er að auka möguleika á nýtingu Reykjanes á sjálfbæran hátt auk verndunar náttúru svæðisins. Lögð er áhersla á aukinn möguleika til atvinnuuppbyggingar sem og aðgengi almennings að náttúru svæðisins. Tillagan gerir ráð fyrir sjö lóðum. Á lóð 1 er gert ráð fyrir seiðaeldi eða sambærilegum iðnaði, á lóð 2 er gert ráð fyrir saltvinnslu og á lóðum 3-7 er gert ráð fyrir vistvænni starfsemi, einkum matvælaframleiðslu, ylraekt eða annarri sambærilegri starfsemi.

### **Vatnamál**

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum. Samkvæmt lögunum má ástand vatnshlota ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Skilgreind vatnshlot á framkvæmdasvæðinu eru: Strandsjavarhlotið Ísafjarðardjúp (101-1390-C) og grunnvatnshlotið Mið-Vesturland og Strandir (101-307-G) sem er skráð sem óverulegur vatnsveitir - staðbundið og takmarkað grunnvatnsstreymi.

### **Neysluvatn**

Í greinargerðinni kemur fram að gert sé ráð fyrir að neysluvatn verði tekið úr vatnsbóli í landi Reykjafjarðar, en ekki ljóst hvort nægjanlegt vatnsmagn er til staðar og þá skuli skoða aðra möguleika ef svo er ekki t.d. að sækja neysluvatn yfir Ísafjörð. Nægjanlegt vatnsmagn til matvælaframleiðslu og seiðaeldis er ein af grunnforsendum þess að hægt

sé að starfrækja á svæðinu matvælaíðnað. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að skoða þann þátt betur áður en haldið er áfram með skipulag svæðisins. Ítarlegri upplýsingar vantar um mögulegan annan stað til að sækja vatn til (yfir Ísafjörð), hvar sá staður er, hvort nægt vatn sé þar að finna og hvernig það yrði flutt til Reykjaness. Auk þess þarf að fjalla um möguleg umhverfisáhrif af flutningi á vatni til Reykjaness.

Umhverfisstofnun bendir á að verði af framkvæmdum ætti einnig að fylgjast vel með notkun á heitu vatni og mögulegum áhrifum þess á gróður- og dýralíf.

Boranir eftir vatni eru tilkynningarskyldar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Í 14. gr. kemur fram: „Þrátt fyrir ákvæði 6. og 7. gr. er landeiganda heimilt án leyfis að hagnýta grunnvatn í eignarlandi sínu til heimilis- og búsparfa, þar með talið til fiskeldis, iðnaðar og iðju, allt að 70 ltr./sek. Landeiganda ber þó að tilkynna Orkustofnun um fyrirhugaðar jarðboranir og aðrar meiri háttar framkvæmdir vegna þessa. Orkustofnun er heimilt ... 1) að setja landeiganda þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin vegna öryggis eða af tæknilegum ástæðum eða ef ætla má að boranir geti spillt nýtingu sem fram fer á svæðinu eða möguleikum til nýtingar síðar.“

### Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna skal: „sveitarstjórn setja í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.<sup>1</sup> Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og ef ríkar ástæður mæla með, svo sem ef kostnaður er óvenjumikill miðað við umhverfislegan ávinning. Við mat á slíkum lausnum skal heilbrigðisnefnd taka tillit til gæða, getu og skilgreiningar viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisáðstæðna að öðru leyti.“

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, veita Heilbrigðisnefndir starfsleyfi vegna fráveitu- og hreinsibúnaðar sem notaður er við meðhöndlun, hreinsun og losun á skólpi frá þéttbýli. Því skal haft samráð, að mati stofnunarinnar, við viðkomandi heilbrigðiseftirlit við útfærslu fráveitulausna.

### Umhverfismat

Umhverfisstofnun telur að matsþáttinn **vatn** vanti í umhverfismatið, en notkun á jarðhita getur haft áhrif á viðkvæmt gróðurfar og friðaða gróðurtegund (vatnamyntu). Í greinargerðinni kemur fram að líklegt er að skortur sé á ferskvatni, en þess má geta að í seiðaeldi og líklega almennt fyrir allan matvælaíðnað er þörf á miklu fersku vatni til vinnslu. Því þarf að mati stofnunarinnar að fjalla betur um vatn og áhrif af töku heits vatns ásamt skorti á ferskvatni til fyrirhugaðrar vinnslu.

Varðandi matsþáttinn **Gróður og dýralíf** telur Umhverfisstofnun þurfa ítarlegri umfjöllun um möguleg áhrif á vatnamyntu (*Mentha aquatica*)<sup>2</sup> á landinu sem er mjög sjaldgæf

<sup>1</sup> [lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998](#)

<sup>2</sup> <https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/lamiaceae/vatnamynta-mentha-aquatica>



Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að haft sé samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands varðandi áhrif tillögunnar á plöntuna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*